

# **WINTERTERM - Dictionary of Terms for Winter Maintenance**

**english/icelandic**

**sorted by classification**

**release 1.4, November 2002**



**European COST 344 Action „Improvements to Snow and Ice Control  
on European Roads and Bridges,,**



**Durth Roos  
Consulting GmbH**

Dear user

This dictionary is a draft. We know it is not perfect, neither the terms and explanations nor the program. Please assist us to make a better glossary and send your comments, corrections and proposals for new terms to the editor or the author of the program. New languages are welcome, too. Registered users will be informed about new releases by e-mail.

authors: Paul Adkinson, Marilyn Hazel Burtwell, Xavier Cocu, Roberto Giannetti, Didier Giloppe, Dr. Christian Holldorb, Maria Kastelis, Tamás Künkle, Jaime Sánchez Leiva, Yrjö Pilli-Sihvola, Gudrun Öberg, Björn Ólafsson, Stefan Sigurdsson, Roland A. van Doorn MSc

editor: Dr. Christian Holldorb, [christian.holldorb@durth-roos.de](mailto:christian.holldorb@durth-roos.de)

Durth Roos Consulting GmbH  
Branch Karlsruhe  
Gartenstraße 26  
D-76133 Karlsruhe  
Germany

Fax:+49-721-38473-77  
E-mail (registration): [winterterm.registration@durth-roos.de](mailto:winterterm.registration@durth-roos.de)  
E-mail (editor): [christian.holldorb@durth-roos.de](mailto:christian.holldorb@durth-roos.de)  
E-mail (author): [marcus.schlund@durth-roos.de](mailto:marcus.schlund@durth-roos.de)

A Weather / climate	Veður / veðurfar
<b>A1-1 Frost</b> <i>Occurs when the temperature of the air is below the freezing point of water.</i>	<b>Frost</b> <i>Þegar hiti er undir 0°C og vatn breytist í ís.</i>
<b>A1-2 Frost hollow</b> <i>A hollow in the ground that is susceptible to the effects of katabatic wind (drainage) and radiational cooling and therefore susceptible to the formation of frost during clear and calm winter nights.</i>	<b>Hvitir blettir</b> <i>Staðir þar sem hröð útgeislun af varma á sér stað, til dæmis lægðir í landslagi eða á brúm. Útgeislunin verður hröðust á heiðskírum og köldum vetrarnóttum.</i>
<b>A1-3 Air temperature</b> <i>Value defined by measuring the temperature of a physical body submerged in the air.</i>	<b>Lofthiti</b> <i>Hiti sem mældur er í tveggja metra hæð frá jörðu. Mæli er komið fyrir í hvítmáluðum kassa sem varinn er gegn geislun.</i>
<b>A1-4 Road surface temperature</b> <i>Temperature of the road surface.</i>	<b>Veghiti</b> <i>Yfirborðshiti vegarins.</i>
<b>A1-5 Road body temperature</b> <i>Temperature of the road to a known depth in the construction layers.</i>	<b>Hitastig vegfyllingar</b> <i>Hitastig vegfyllingarinnar í ákveðinni dýpt.</i>
<b>A1-6 Grass minimum temperature</b> <i>The temperature shown by a minimum thermometer exposed in an open situation with its bulb on the level of the tops of grass blades.</i>	<b>Lágmark við jörð</b> <i>Lágmarkshiti mældur rétt yfir snöggslegnu grasi.</i>
<b>A1-7 Ground frost</b> <i>Freezing condition that occurs when the temperature at a point just above the ground surface falls below zero.</i>	<b>Frost við jörð</b> <i>Á sér stað þegar lofthiti við yfirborð jarðar fellur undir 0°C.</i>
<b>A1-8 Wind chill</b> <i>That part of the cooling of a body caused by air motion.</i>	<b>Kæling</b> <i>Sú kæling sem líkaminn verður fyrir sem fall af lofthita og vindhraða.</i>
<b>A1-9 Dew point temperature</b> <i>The temperature at which condensation could occur from a given air mass.</i>	<b>Daggar-mark</b> <i>Hitastig ákveðins loftsmassa sem þarf til bess að útfelling (þéttung) af raka eigi sér stað.</i>
<b>A1-10 Inversion temperature</b> <i>This is said to occur when the temperature increases with altitude in the lower layers of the atmosphere. This typically occurs during stable atmospheric conditions such as clear and calm winter nights..</i>	<b>Hitahvörf</b> <i>Hitahvörf eru lög í andrúmsloftinu þar sem hiti fer hækkaní með hæð yfir jörð. Hitahvörf við jörð myndast einkum í stillum á björtum vetrarnóttum.</i>
<b>A1-11 Protection temperature</b> <i>The temperature at which ice crystals appear on a road surface covered with brine and submitted to a natural cooling.</i>	<b>Frostmark</b> <i>Gefið hitastig þar sem saltlausnir á veginum frýs.</i>
<b>A2-1 Advection</b> <i>The lateral movement of air, i.e. wind.</i>	<b>Aðstreymi</b> <i>Láréttur straumur lofts á stóru svæði.</i>

A Weather / climate	Veður / veðurfar
<b>A2-2 Convection</b> <i>Fluid moving process.</i>	<b>Lóðstreymi</b> Lóðrétt hreyfing lofts, oft til komin vegna þess að loft hitnar neðan frá.
<b>A2-3 Breeze</b> <i>In general, a light to moderate wind.</i>	<b>Gola</b> Veikur (léttur) vindur.
<b>A2-4 Anabatic wind</b> <i>A pressure-induced warm wind that blows up-slope.</i>	<b>Hlíðaruppstreymi</b> Vindur sem blæs upp fjallshlíð. Yfirleitt notað um vind sem myndast þegar sólskin hitar fjallshlíðar.
<b>A2-5 Katabatic wind (drainage)</b> <i>A gravity-induced, down-slope flow of relatively cold air.</i>	<b>Fjallvindur (kaldur), hnúkaþeyr (hlýr)</b> Vlindur sem blæs niður fjallshlíðar. Kaldur fallvindur myndast þar sem kalt loft streymir ofan af hálandi en hnúkeþeyr þar sem hlýtt loft blæs yfir fjöll.
<b>A3-1 Cloud cover, Sky cover</b> <i>The portion of the sky cover that is attributed to clouds, usually measured in eighths (oktas) or tenths.</i>	<b>Skýþekja</b> Mælikvarði á hve stórr hluti af himninum er hulinns skýjum. Hlutfallið er ýmist gefið upp í úttundupörtum eða prósentum. (8/8 eða 100% = alskýjað)
<b>A3-2 Fog</b> <i>A visible aggregate of water droplets suspended in the atmosphere near the earth's surface i.e. low cloud. Visibility is reduced to less than 1000 m. When the visibility is less than 200 m it is referred to as Thick Fog whereas when the visibility is less than 40 m it is termed Dense Fog.</i>	<b>Þoka</b> Ský sem liggja liggja mjög lágt og ná alveg að jörðu þar sem skyggni er minna en 1000 metrar.
<b>A3-3 Fog potential index</b> <i>Indicates the susceptibility of certain regions to fog.</i>	<b>Þokulíkur (ekki notað hér á landi)</b> Líkur á þoku á tiltæknu svæði.
<b>A3-4 Mist</b> <i>As for Fog but visibility is reduced to less than 2000 m.</i>	<b>Mistur</b> Lélegt skyggini vegna raka í lofti, skyggini minna en 2000 metrar.
<b>A3-5 Radiation fog</b> <i>A major type of Fog, produced over a land area when radiational cooling reduces the air temperature to or below its dew point.</i>	<b>Útgeislunarþoka</b> Þoka sem myndast þegar neðstu loftlögin kólna niður fyrir daggarmark vegna útgeislunar jarðar.
<b>A4-1 Humidity</b> <i>The condition of the atmosphere in respect of water vapour.</i>	<b>Loftraki (Rakastig)</b> Rakainnihald loftmassa.
<b>A4-2 Absolute humidity</b> <i>Absolute humidity is the amount of water vapour contained by a given air mass.</i>	<b>Rakapéttleiki</b> Mælikvarði á lofraka. Rakinn er metinn sem grömm af vatni í rúmmetra af lofti.
<b>A4-3 Relative humidity</b> <i>Relative humidity is the absolute humidity expressed as a percentage of the amount of water vapour required until saturation and condensation appears.</i>	<b>Hlutfallslegur lofraki</b> Hlutfallslegur raki í %, í hlutfalli við hvað mikinn raka loftið getur mest innihaldið við gefið hitastig.

**A Weather / climate****Veður / veðurfar****A4-4 Condensation**

*This is the change of state of vapour to liquid, thus forming a thin film on surfaces and cloud, mist and fog in the atmosphere. During the process, heat is released.*

**A4-5 Dew**

*Liquid water formed on a surface by condensation from the atmosphere.*

**A5-1 Precipitation**

*A general term that covers all water (or ice) which 'falls' from the skies. As well as drizzle, rain, sleet, snow and hail it also includes dew, hoar frost, mist and fog.*

**A5-2 Rain**

*Water droplets that fall from clouds.*

**A5-3 Drizzle**

*Sometimes called Mist. Very small, numerous and uniformly dispersed water drops that may appear to float while following air currents. Unlike fog droplets, drizzle falls to the ground.*

**A5-4 Hail**

*Precipitation in the form of balls of irregular molecules of ice, produced by convective clouds.*

**A5-5 Wintry**

*Adjective for typical conditions during winter, for example wintry precipitation or wintry road conditions*

**Rakabéttung**

*Þegar raki þéttist og breytist þannig í vatnsdropa, - t.d. þoku eða rigningu.*

**Dögg**

*Úrkoma rakabéttunga á yfirborði hluta/jarðar*

**Úrkoma**

*Vatn í ýmsu formi sem fellur frá himnum (úr skýum) sem rigning, slydda, hagl eða snjór*

**Rigning**

*Vatnsdropar sem falla út skýum*

**Úði, súld**

*Úrkoma með mjög smáum dropum, minni en 0,5 mm í þvermál. Droparnir virðast svífa í loftinu.*

**Hagl**

*Úrkoma í formi ísklumpa af mismunandi stærðum*

**Vetrarlegur**

*Lýsingarorð sem lýsir aðstæðum sem eru dæmigerðar yfir vetrartímann, t.d. varðandi veðurfar eða aðstæður á vegum.*

**Ís****Ís**

*Frosið vatn (vatn í föstu formi).*

**Frostúði, frostriigning**

*Frostkaldir úða- eða regndropar sem frjósa um leið og þeir snerta jörðina og mynda hrím eða glerung.*

**Undirkæld rigning**

*Rigning þar sem sjálfir regndroparnir eru undir 0°C og frjósa um leið og þeir lenda á köldu yfirborði.*

**Frostþoka**

*Þoka sem frýs um leið og hún lendir á yfirborði undir 0°C.*

**B Ice****B1-1 Ice**

*A generic term for frozen water.*

**B2-1 Freezing rain**

*A dangerous condition where raindrops fall on to surfaces below 0 °C, thus freezing instantly and causing widespread glaze ice.*

**B2-2 Supercooled rain**

*Rain, where the temperature of the raindrops is below 0°C.*

**B2-3 Freezing fog**

*A fog whose droplets freeze upon contact with exposed objects and form a coating or rime and/or glaze ice.*

B	Ice	Ís
<b>B3-1</b>	<b>Slipperiness</b>	<b>Hálka</b>
	<i>Slipperiness caused by winter weather, diminishing the grip afforded by the road surface.</i>	<i>Aðstæður á vegum þar sem veggrip er takmarkað vegna vetrarveðurs.</i>
<b>B3-2</b>	<b>Flash frost</b>	<b>Morgunhálka</b>
	<i>The rapid build up of hoar frost on roads around sunrise.</i>	<i>Ísmyndun á vegum snemma á morgnana þegar sólin er að koma upp. Myndast að hluta fyrir tilstuðlan umferðarinnar sem kemur hreyfingu á loftmassann.</i>
<b>B3-3</b>	<b>Hoar frost</b>	<b>Hrímfrost</b>
	<i>A deposit of interlocking ice crystals formed by direct sublimation on a surface. Sometimes referred to as Rime Frost.</i>	<i>Ísmyndun á yfirborði hluta/jarðar. Rakí úr lofti þéttist á yfirborði sem er undir 0°C.</i>
<b>B3-4</b>	<b>Rime ice</b>	<b>Ísing</b>
	<i>A white or milky and opaque granular deposit of ice formed by the rapid freezing of supercooled water droplets as they impinge upon an exposed object.</i>	<i>Íslag sem myndast á jördinni í hrímboku, frostúða eða frostrigningu. Hrím er hrjúft og ógegnsætt og myndast af allra smæstu dropum (hrímboka, mjög fingerður frostúði) en glerungur er gensær og glerháll og myndast af stærri dropum (frostúði, frostrigning).</i>
<b>B3-5</b>	<b>No term available</b>	<b>Hrím</b>
	<i>Slipperiness caused by existing humidity of a surface when undercooled</i>	<i>Hálka sem myndast þegar þegar veghitinn er undir 0 gráðum og daggarmarkið er hærra en veghitinn.</i>
<b>B3-6</b>	<b>Glaze ice, black ice</b>	<b>Þunnt íslag</b>
	<i>A crystalline sheet of ice, generally clear and smooth but usually containing some air pockets, formed on exposed objects by the freezing of liquid or, more rarely from supercooled water vapour. Glaze ice is the meteorological term, black ice is the common term.</i>	<i>Íslag sem myndast þegar raki í lofti eða létt úrkokma frýs á yfirborði vega (og annara hluta)</i>
<b>B3-7</b>	<b>Glazed frost ice</b>	<b>Íslag</b>
	<i>Slipperiness caused by rain on an undercooled surface</i>	<i>Íslag (hálka) sem hefur myndast vegna bess að vatn sem liggar á veginum frýs og verður að ís. Gerist þegar vegir eru blautir og veghti fellur frá plús gráðu niður fyrir mínu.</i>
<b>B4-1</b>	<b>Icy patches</b>	<b>Hálkublettir</b>
	<i>Used in road weather forecasts to indicate localized ice formation.</i>	<i>Þegar einstaka hálkubletti er að finna á vegakerfinu. Notað jöfnum höndum í lýsingu á færð og veðurspám.</i>
<b>B4-2</b>	<b>Icy stretches</b>	<b>Hálka á köflum</b>
	<i>Used in road weather forecasts to indicate more widespread ice than icy patches.</i>	<i>Hálka á ákveðnum köflum vegarins. Næsta stig fyrir ofan hálkubletti.</i>
<b>B4-3</b>	<b>Widespread ice</b>	<b>Hálka</b>
	<i>More widespread than icy stretches.</i>	<i>Notað þegar hálka er á vegum. Næsta stig fyrir ofan hálku á köflum.</i>

C	Snow	Snjór
<b>C1-1</b>	<b>Snow</b> <i>Form of precipitation where tiny ice crystals bonded together into flakes.</i>	<b>Snjór</b> <i>Úrkoma í formi ískristalla sem saman mynda snjókorn.</i>
<b>C1-2</b>	<b>Old snow</b> <i>Snow on the road surface for more than 24 hours.</i>	<b>Gamall snjór</b> <i>Snjór sem er eldri en 24 tíma.</i>
<b>C1-3</b>	<b>Fresh snow</b> <i>Snow that has just fallen.</i>	<b>Nýfallinn snjór</b> <i>Snjór sem fallið hefur á innan við síðustu 24 tínum.</i>
<b>C1-4</b>	<b>Snow covering</b> <i>Layer of snow on a highway surface.</i>	<b>Snjóþekja</b> <i>Lag af snjó sem liggur á jarðyfirborði.</i>
<b>C1-5</b>	<b>Wet snow</b> <i>Snow which falls with air temperatures close to freezing point. It melts easily and can be very sticky.</i>	<b>Slydda</b> <i>Blautur snjór. Blanda af snjó og rigningu.</i>
<b>C1-6</b>	<b>Compacted snow</b> <i>Snow compacted, for example, by the traffic</i>	<b>Þjappaður snjór</b> <i>Samanþjappaður snjór, t.d. vegna umferðar.</i>
<b>C1-7</b>	<b>No term available</b> <i>Snow compacted by the traffic.</i>	<b>Fastur snjór</b> <i>Snjór sem þjappast hefur það mikið að hann er fastur á veginum.</i>
<b>C1-8</b>	<b>Thick ice</b> <i>Compacted snow changed to ice.</i>	<b>Þykkt klakalag</b> <i>Snjór sem hefur þjappast það mikið að hann er orðinn að klaka.</i>
<b>C2-1</b>	<b>Sleet</b> <i>Precipitation in the form of snow and rain together.</i>	<b>Slydda</b> <i>Blautur snjór. Blanda af snjó og rigningu.</i>
<b>C2-2</b>	<b>Blown snow</b> <i>Snow carried by the wind during its fall</i>	<b>Skafreningur</b> <i>Snjór sem vindurinn feykir til.</i>
<b>C2-3</b>	<b>Blizzard</b> <i>By definition, blizzards constitute snow falling at a wind speed of at least 35mph (56km/h) and a reduced visibility of less than 200m.</i>	<b>Stórhrið</b> <i>Þegar saman fer kröftugur vindur og snjókoma. Færð yfirlegt léleg og skyggni lítið sem ekkert.</i>
<b>C3-1</b>	<b>Windrow of snow, snow bank</b> <i>A line of snow swept together by the wind or the passage of a snowplough.</i>	<b>Snjöröst</b> <i>Rönd af snjó sem hefur myndast af völdum vinda eða snjóruðningstækja.</i>
<b>C3-2</b>	<b>Driven snow</b> <i>Snow that has been moved by the wind and collected into snow drifts.</i>	<b>Snjóskafl</b> <i>Skaf sem myndast hefur vegna skafrennings.</i>

**C Snow****C3-3 Powder snow**

*. The form of snow that occurs when air temperatures are well below freezing (-2°C or less). This form of snow is relatively fine, drifts very easily, but does not tend to stick to objects. It can usually be handled relatively easily by snow blowers.*

**C3-4 Slush**

*Snow with a lot of water.*

**C4-1 Snow slide**

*Small amounts of snow, sliding down slopes or falling off edges.*

**C4-3 Avalanche, snow slide**

*Large amounts of snow, sliding down slopes or falling off edges.*

**C5-1 Ablation**

*Lowering of snow depth by compaction, melt or evaporation.*

**C5-2 Snowmelt**

*The water resulting from the melting of snow.*

**C5-3 Frozen snow**

*Road surface covered with snow that has melted and re-frozen in the vicinity of the road surface.*

**C5-4 Chilled snow**

*Road surface covered with wet snow that has re-frozen from the vicinity of the road surface.*

**C6-1 Snow depth**

*Total height of snow covering the pavement and/or its environment. This may comprise several layers of snow.*

**C6-3 Layer of snow**

*Depth of snow resulting from a fall during a given period.*

**C7-1 No term available**

*Slipperiness of compacted snow or frozen slush.*

**C7-2 No term available**

*Snow wall in areas other than the wheel paths produced by movement of the snow from trafficking.*

**C7-3 No term available**

*Snow wall produced on the road, usually at the side or middle of the road, by the use of a snowplough.*

**Snjór****Púðursnjór**

*Eðlisléttur snjór með lágu vatnsinnihaldi. Fellur yfirleitt þegar hitastig er lágt og hefur ekki tilhneygingu til að festast við hluti.*

**Slabb**

*Snjór með háu vatnsinlhaldi.*

**Lítioð snjóflóð**

*Lítioð magn af snjó sem rennur af stað úr fjallshlíð.*

**Snjóflóð**

*Þegar umtalsvert magn af snjó losnar úr fjallshlíð og rennur með miklum krafti niður fjallshlíð.*

**Leysing**

*Minnkun snjódýptar af ýmsum ástæðum, svo sem vegna sigs, bráðnunar eða uppgufunar.*

**Leysingavatn**

*Vatn frá bráðnandi snjó og klaka.*

**Frosinn snjór**

*Snjór sem bráðnar á yfirborðinu en frýs strax aftur og verður að ís.*

**Klakabrynya**

*Votur snjór á vegi sem frýs neðan frá.*

**Snjódýpi**

*Heildardýpi þess snjó sem liggur á yfirborði.*

**Snjóþykkt**

*þykkt þess lags af sjó sem fallið hefur yfir ákveðinn tíma.*

**Hálka af völdum snjókomu.**

*Hálka af völdum snjókomu.*

**Snjóhryggur**

*Snjóhryggur sem umferðin hefur myndað.*

**Snjóruðningskantur**

*Snjóruðningur í vegkanti sem myndast hefur við snjóruðning.*

C Snow	Snjór
<b>C7-4 No term available</b> <i>Snow wall produced at the side of the road by the action of traffic.</i>	<b>Snjókantur</b> <i>Snjór í vegkanti sem umferðin hefur myndað.</i>
D Spreading	Dreifing
<b>D1-1 Clearing ice</b> <i>All the means used to make the road surface adhesion sufficient to guarantee users' safety.</i>	<b>Hálkuvarnir</b> <i>Samheiti yfir allar aðgerðir sem koma í veg fyrir hálku á vegum.</i>
<b>D1-2 To grit, to spread</b> <i>Spreading of thawing or abrasive substances on trafficked areas in order to fight winter slipperiness.</i>	<b>Dreifing</b> <i>Dreifing hálkuvarnarefna á vegi, hjólreiða- og göngustíga til að koma í veg fyrir hálkumyndun.</i>
<b>D1-3 Salt spreading</b> <i>Action consisting of spreading salt on the road surface to fight against or limit slipperiness.</i>	<b>Söltun</b> <i>Saltdreifing á vegi, hjólreiða- og göngustíga til að koma í veg fyrir hálkumyndun.</i>
<b>D1-4 No term available</b> <i>Spreading of single size grit or similar materials on roads and trafficked areas</i>	<b>Söndun</b> <i>Dreifing á sandi á vegi, hjólreiða- og göngustíga til að koma í veg fyrir hálkumyndun.</i>
<b>D1-5 Thaw</b> <i>Natural snow and ice melting due to a rise in temperature.</i>	<b>Þiðnun</b> <i>Snjó- og klakabiðnun vegna hitastigshækunar.</i>
<b>D1-6 Depression of freezing point temperature</b> <i>The lowering of freezing point temperature by the addition of a suitable de-icing chemical.</i>	<b>Lækkun á frostmarki</b> <i>Lækkun á frostmarki með því að bæta hálkuvarnarefnum við.</i>
<b>D1-7 Pre-Salting (UK), Anti-icing (USA)</b> <i>Salting procedure to prevent snow and ice formation by lowering the freezing point of the solution on the road surface.</i>	<b>Fyrirbyggjandi söltun</b> <i>Þegar vegir eru saltaðir áður en aðstæður verða þannig að hálka getur myndast.</i>
<b>D1-8 Post salting (UK), De-icing (USA)</b> <i>Salting that is carried out after the accumulation of snow and ice.</i>	<b>Söltun (Eftirsöltun)</b> <i>Þegar vegir eru saltaðir eftir að hálkumyndun hefur átt sér stað.</i>
<b>D1-9 Spread pattern</b> <i>Visible distribution of the de-icing/ anti-icing or gritting material immediately after spreading.</i>	<b>Dreifingarmynstur</b> <i>Hvernig saltið hefur dreifst yfir veginn rétt eftir söltun.</i>
<b>D1-10 Quantity of de-icing/anti-icing or gritting material</b> <i>Amount of de-icing/anti-icing or gritting material spread for example by one vehicle in one outing or total tonnage for all vehicles for the period of one winter.</i>	<b>Saltnotkun</b> <i>Heildar saltnotkun eftir ákveðið tímabil.</i>
<b>D1-11 Spread rate</b> <i>Amount of de-icer/anti-icer or gritting material per area spread in one operation</i>	<b>Saltmagn</b> <i>Hversu miklu salti er dreift í hvert skipti (<math>g/m^2</math>, <math>ml/m^2</math>)</i>

**D Spreading****D1-12 Spread width**

*Width of the de-icer/anti-icer or grit spread on the road.*

**D1-13 Speed-related distribution**

*Enables a relatively constant spread rate of salt to be achieved on the ground when the travelling speed of the spreader varies.*

**D1-14 Melting time**

*The time taken for the ice or snow to melt after treatment.*

**D2-1 Gritting agent, Spreading agent**

*Thawing agent used to increase adhesion between tyres and the road surface, so preventing slipperiness.*

**D2-2 De-icing, anti-icing agent**

*Granular material or solution used to lower the freezing point in order to remove or prevent black ice from forming.*

**D2-3 Pre-wetted salt**

*A saturated solution such as Sodium Chloride or Calcium Chloride is added to standard road salt before spreading. This provides a mechanism for the salt to adhere to the road and can also have the effect of lowering the eutectic point.*

**D2-4 Brine**

*An aqueous solution of Sodium or Calcium Chloride.*

**D2-5 Rock salt**

*Salt derived by mining natural salt beds. Consists mainly of Sodium Chloride along with impurities such as Calcium Sulphate and Silicates.*

**D2-6 Marine salt**

*Salt derived by solar evaporation of sea water. It contains associated impurities such as Calcium Sulphate and Magnesium Chloride.*

**D2-7 Vacuum salt**

*Pure salt prepared by the evaporation of brine under vacuum conditions. Has the advantage of leaving no residue.*

**D2-8 Calcium Chloride**

*An exothermic de-icer/ anti-icer highly deliquescent and becomes a liquid by absorbing moisture from the air.*

**D2-9 Sodium Chloride**

*An endothermic de-icer/ anti-icer.*

**Dreifing****Dreifingarbreidd**

*Heildarbreidd þess svæðis sem hálkuvarnarefnið þekur.*

**Dreifing óháð hraða**

*Þegar magn bess efnis sem dreift er á veginn er ekki háð hraða ökutækisins.*

**Þiðnunartími**

*Sá tími sem það tekur snjóinn eða ísinn að þiðna eftir að hálkuvarnarefni hefur verið dreift.*

**Hálkuvarnarefni**

*Efni (oftast salt eða sandur) sem notuð eru til að auka viðnám milli dekkjar og vegar og koma þannig í veg fyrir hálku.*

**Hálkuvarnarefni (pækill, saltlausn)**

*Salt, pækill eða saltlausn sem notað er til að lækka frostmark og koma í veg fyrir hálkumyndun.*

**Forbleytt salt**

*Salt sem er bleytt með vatni eða saltupplausn.*

**Saltupplausn**

*Salt sem leyst er upp í vatni.*

**Steinsalt (Bergsalt)**

*Salt sem unnið er úr jörðu. Inniheldur aðallega natrúum klóríð, en einnig aðskotaefni svo sem t.d. kalsíumsúlfat og mgnesíumklóríð.*

**Sjósalt**

*Salt sem unnið er með því að dæla sjó upp á land og láta varnið gufa upp með aðstoð sólar þannig að saltið sitji eftir. Inniheldur einnig aðskotaefni svo sem t.d. kalsíumsúlfat og mgnesíumklóríð.*

**Vakúmsalt**

*Salt sem unnið er úr hreinsaðri saltupplausn. Efnið er fínkorna og einsleitt og er laust við óhreinindi.*

**Kalsíumklóríð**

*Hálkuvarnarefni sem gefur frá sér varma. Efnið er rakadrægara en NaCl.*

**Natríumklóríð**

*Hálkuvarnarefni sem tekur til sín varma.*

**D Spreading****D2-10 Calcium Magnesium Acetate (CMA)**

*Solid crystalline de-icer.*

**D2-11 Potassium Acetate**

*Liquid chemical de-icer.*

**D2-12 Urea**

*A white, crystalline substance which is used selectively for anti-icing treatments in sensitive areas susceptible to corrosion e.g. structures.*

**D2-13 Residual salt**

*Salt on the road surface. Measured by Chemical Factor or Freezing Point Temperature.*

**D2-14 Deliquescence, hygroscopicity**

*The chemical property whereby a substance will absorb water from the air before the air is saturated. For example, salt is deliquescent.*

**D2-15 Eutectic Point**

*The lowest temperature reached upon freezing a solution. Below this limit salt-water solutions will freeze completely and there is no melting action.*

**D3-1 Abrasive,grit**

*Natural or artificial material e.g. gravel or sand used to increase the adhesion of a slippery surface.*

**D4-1 Grit spreader, gritting machine, gritter, spreader, salting vehicle**

*Device to spread grit or salt.*

**D4-4 Gritters**

*Common term for salt spreading vehicles.*

**D4-5 Demountable spreaders**

*The body of the spreader can be detached to enable the host vehicle to be used for other work..*

**D4-6 Trailer spreaders**

*Small salt-spreading machines with a trough-like hopper body mounted on a single 2-wheeled axle. They are towed close-coupled behind a salt carrying vehicle, normally a tipper. Some trailer spreaders distribute the salt onto the road surface through a variable width slot in the base of the hopper. Others use a spinner similar to that used on bulk spreaders.*

**D5-1 Salt barn**

*Covered storage for stockpiles of salt.*

**Dreifing****Kalsíummagnesíumacetat**

*Hálkuvarnarefni.*

**Kalsíumacetat**

*Hálkuvarnarupplausn.*

**Urea**

*Hvít kristallað efni sem er notað þar sem tæring af völdum söltunar er vandamál.*

**Restsalt**

*Salt sem liggur á veginum. Yfirleitt mælt með viðnámsmæli.*

**Hýgróskópískur**

*Eiginleiki efnis til að taka til sín lofraka.*

**Jafnstorkumark**

*Það hitastig þar sem upplausn frýs og verður að ís. Við þetta hitastig frýs saltupplausnin og bráðnun á sér ekki lengur stað.*

**Sandur til hálkuvarna**

*Náttúruleg eða tilbúin efni (oftast möl eða sandur) sem notuð eru til að auka viðnám milli dekkjar og vegar þegar hált er á vegum.*

**Dreifingartæki**

*Útbúnaður til dreifingar á möl, sandi eða salti.*

**Hálkuvarnarfarartkæki**

*Venjuleg farartkæki sem notuð eru til að hálkuverja með.*

**Fjarlægjanlegir dreifarar**

*Dreifarar sem ekki eru fastir á viðkomandi ökutæki. Þegar þeir ekki eru í notkun eru þeir fjarlægðir og ökutækið notað í annað.*

**Aftanítengdir dreifarar**

*Dreifarar sem hengdir eru aftaní ökutækið og dregnr eftir götunni. Eru oftast á einum öxli.*

**Saltgeymsla**

*Yfirbyggður saltgeymslulager.*

**D Spreading****D5-2 Salt barns**

*Storage silo with the filling mechanism at the bottom. The spreader is driven under the silo to be filled with the salt or other de-icing agent.*

**D5-3 Conveyor belt**

*Conveyor belt for loading a spreader with salt or other de-icing agent*

**D5-4 Mechanical bucket**

*Wheeled loader for loading a spreader with salt or other de-icing agent*

**D5-5 Salt bins**

*Local storage facilities at the side of the road.*

**Dreifing****Saltsíló/Sandsíló**

*Síló tli að geyma salt eða sand í. Ökutæki aka undir sílóið til áfyllingar.*

**Færiband**

*Færiband sem notað er til að fylla dreifara af sandi eða salti.*

**Hjólaskófla**

*Ökutæki sem notað er til að moka sandi eða salti ofan í dreifara. Oft liðstýrt á gúmmihjónum með stóra skóflu.*

**Sandkassi**

*Kassar sem er að finna á ákveðnum stöðum þar sem getur verið þörf á hálkuvörn. Getur verið t.d. við brattar brekkur.*

**E Snow clearance****E1-1 Snow clearing, ploughing**

*Mechanical clearing of snow on trafficked areas*

**E1-2 Ploughing**

*Removal of snow by the passage of a vehicle with a mounted blade.*

**E1-4 Snow removal**

*Clearing of snow, followed by spreading of thawing material which mostly uncovers the trafficked area.*

**E1-5 Snow clearance**

*Snow clearance, whereby a close covering of snow remains on the road surface.*

**E3-1 Blade type (or straight-blade) snowplough**

*Device, mounted on a vehicle, which slides on the road surface and pushes the snow aside.*

**E5-1 Snowblower**

*Device for removing large amounts of snow. It collects the snow and ejects it some distance away.*

**E5-2 Snow cutter, rotary type snow plough****Snjóruðningur**

*Þegar snjór er fjarlægður af vegum með vélum og ökutækjum.*

**Snjóruðningur**

*Þegar snjór er fjarlægður af vegum með vélum og ökutækjum.*

**Snjóhreinsun**

*Þegar snjór er ruddur og saltað um leið með sama ökutækinu.*

**Snjóruðningur**

*Þegar snjór er fjarlægður af vegum með plögum.*

**Plögur**

*Tæki sem sett er framan á ökutæki og rennur eftir veginum og ýtir snjónum (eða kastar honum) til hliðar.*

**Snjóblásari**

*Tæki sem fjarlægt getur mikið snjómagn. Snjónum er safnað saman með sniglum (hreyflum) og kastað út fyrir veg.*

**Snjóblásari**

*Tæki sem fjarlægt getur mikið snjómagn. Snjónum er safnað saman með sniglum (hreyflum) og kastað út fyrir veg.*

**F Ice and Snow Protection****Ís og snjóhindrandi aðgerðir****F1-1 Snow protection methods**

*Measures to prevent and control snowdrifts and avalanches.*

**F1-2 Snow protection equipment**

*Equipment used to prevent and control snowdrifts and avalanches.*

**F1-3 Plantation for snow protection**

*Single or double row of copse alongside roadways to prevent or diminish snow drifts.*

**F1-4 Snow-fence**

*When placed on the windward side of affected areas, snow fences can be used to reduce the amount of snow that may drift onto a road.*

**F1-7 Marker post for snow clearing**

*Marker posts to indicate the course of the road.*

**F1-8 Protection against avalanches**

*Very sturdy construction against avalanches.*

**F2-1 De-icer spraying installation / system**

*Fixed device that automatically sprays de-icing solutions when the roads are slippery or expected to become slippery.*

**F2-2 Road heating**

*A system inside the road structure that produces heat to encourage black ice to melt.*

**Snjóhindrandi aðgerðir**

*Aðgerðir sem leiða til þess að snjósöfnun eigi sér ekki stað á vegum.*

**Snjóvarnargarðar**

*Garðar eða girðingar sem safna snjónum í skalfla utan vegarins. Tilgangurinn er að minnka/koma í veg fyrir að snjórinn safnist saman á veginum.*

**Snjósöfnunargróður**

*Gróður sem ræktaður hefur verið í því augnarmiði að safna snjó.*

**Snjóvarnargirðing**

*Girðing sem safnar snjónum í skalfla utan vegarins. Tilgangurinn er að minnka/koma í veg fyrir að snjórinn safnist saman á veginum.*

**Vegstíka**

*Stíka sem sýnir veglínuna. (merkir útkanta vegarins)*

**Snjóflóðavarnargarðar**

*Garðar sem byggðir eru til varnar snjóflóðum. Á Íslandi er algengast að þeir séu gerðir úr jarðvegi.*

**Úðakerfi**

*Tækjabúnaður sem úðar sjálfkrafa saltuplausn á yfirborð vegarins begar von er á hálkumyndun. Er ekki notað á Íslandi.*

**Veghitun**

*Búnaður sem notaður er til að hita upp veginn. Á Íslandi eru vatnsrör lögð í steypu/undir malbik og hitaveituvatn leitt í gegn. Algengast að búnaðurinn sé notaður á bílastæðum, innkeyrslum og í bröttum brekkum.*

**G Management of winter maintenance****Stjórnun vetrarþjónustu****G1-1 Winter maintenance**

*Totality of measures by the maintenance engineer to deal with snow and ice conditions, to ease traffic congestion and to maintain traffic safety in winter weather..*

**G1-2 Level of service**

*Characteristic road parameter giving its priority in being treated and the minimal appropriate treatment.*

**G1-3 Winter serviceability of a road**

*Road practicability in winter.*

**Vetrarþjónusta**

*Notað yfir allar aðgerðir sem stuðla að góðri færð og góðum aðstæðum á vegakerfinu í vetrarveðrum.*

**Þjónustustig**

*Reglugerðir og þjónustuflokkar fyrir vetrarþjónustu á vegakerfinu. Vegir eru flokkaðir eftir mikilvægi, t.d. umferðarþunga.*

**Vetrarfærð**

*Notkunarmöguleikar vegar yfir vetrarmánuðina. Hversu útsett er leiðin fyrir veðri og vindum og hvert er þjónustustig vegarins.*

G	Management of winter maintenance	Stjórnun vetrarþjónustu
<b>G1-4</b>	<b>General term « tool of winter maintenance »</b> <i>Range of tools available for winter maintenance activities.</i>	<b>Vetrarþjónustuviðbúnaður</b> <i>Búnaður sem notaður til vetrarþjónustu.</i>
<b>G1-5</b>	<b>Winter maintenance vehicle</b> <i>Heavy truck or agricultural tractor equipped with one or more tools used for winter maintenance operations.</i>	<b>Vetrarþjónustuöketæki</b> <i>Öketæki sem notuð eru til vetrarþjónustu.</i>
<b>G2-1</b>	<b>Treatment length</b> <i>Section of the network to be treated during winter season</i>	<b>Þjónustað vegagkerfi</b> <i>Það vegakerfi sem þjónustað er yfir vetrartímann (ekki lokað allan veturinn).</i>
<b>G2-2</b>	<b>Salting route</b> <i>Section of network to be treated by a salt spreader vehicle.</i>	<b>Söltunarleið</b> <i>Fyrirfram ákveðin leið sem er söltuð við hálku.</i>
<b>G2-3</b>	<b>Treated length</b> <i>Section of network treated by an abrasive material, grit or salt spread from a vehicle.</i>	<b>Þjónustaðir vegir</b> <i>Vegir sem þjónustaðir eru yfir vetrartímann (ekki lokaðir allan veturinn).</i>
<b>G2-4</b>	<b>No treatment</b> <i>Section of the network not to be treated by spreader vehicle.</i>	<b>Vegir án þjónustu</b> <i>Vegir sem ekki eru þjónustaðir yfir vetrartímann (lokaðir).</i>
<b>G2-10</b>	<b>Weather report</b> <i>Report of the meteorological parameters and phenomena</i>	<b>Veðurskeyti</b> <i>Skeyti sem inniheldur upplýsingar um veðurspá.</i>
<b>G3-1</b>	<b>Winter maintenance plan</b> <i>Plan to effect the management of winter maintenance.</i>	<b>Vetrarþjónustuáætlun</b> <i>Áætlun þar sem skilgreint er umfang vetrarþjónustunnar.</i>
<b>G3-2</b>	<b>Crew schedule for snow clearing and gritting, salting route</b> <i>Schedule for snow clearing and salting which assigns vehicles and personnel to districts and routes.</i>	<b>Framkvæmdaráætlun</b> <i>Skrá sem hefur að geyma upplýsingar um fyrirframákveðnar þjónustuleiðir ásamt vagtaplönum, símanúmerum, öketæki og svo framvegis.</i>
<b>G3-3</b>	<b>Turnout</b> <i>The implementation of winter maintenance treatment for the prevention/removal of snow and ice.</i>	<b>Útkall</b> <i>Þegar farið er út að salta eða ryðja snjó.</i>
<b>G3-6</b>	<b>Hauling</b> <i>Snow removal and storage in a storage area.</i>	<b>Snjóflutningur</b> <i>Þegar snjó er mokað upp í vörubíla og fluttur á brott.</i>
<b>G3-7</b>	<b>Stand-by for emergency duties</b> <i>A system for assigning staff to standby duties for emergency situations.</i>	<b>Vagthafandi</b> <i>Starfsfólk sem er á vagt og hægt er að ná í utan vinnutíma.</i>
<b>G3-8</b>	<b>Call-out index</b> <i>Relates the number of turnouts to the weather conditions.</i>	<b>Fjöldi útkalla</b> <i>Fjöldi útkalla sem orðið hafa vegna vetrarveðurs yfir ákveðið tímabil.</i>

G	Management of winter maintenance	Stjórnun vetrarþjónustu
G3-9	<b>Winter maintenance contractor</b> <i>Organisation responsible for the implementation of winter maintenance operations.</i>	<b>Vetrarþjónustuverktaki</b> <i>Verktaki sem er ábyrgur fyrir vetrarþjónustuaðgerðum.</i>
G5-1	<b>Road Weather Information Systems (RWIS)</b> <i>Electronic monitoring outposts located throughout the road system. Provide data on wind speed, air and ground temperature and rainfall. Comprise sensors, outstations, instations and masterstations.</i>	<b>Mælistöðvar</b> <i>Rafmagnsmælitæki sem staðsett eru á vegakerfinu til að mæla loftthita, veggitha, úrkому, vinhraða og stefnu, og ef til vill vatnsmagn og restsalt á vegi.</i>
G5-2	<b>Thermal mapping</b> <i>Provide temperature profiles of given stretches of road.</i>	<b>Hitaferill</b> <i>Sýnir breytingu á hitastigi sem fall af lengd vegarins.</i>
G5-3	<b>Thermal fingerprint</b> <i>The temperature trace along a road surface.</i>	<b>Hitaferill</b> <i>Sýnir breytingu á hitastigi sem fall af lengd vegarins.</i>
G5-4	<b>Ice detection system</b> <i>Device for automatic detection, transmission and analysis of physical data on roadsides in order to forecast and detect winter slipperiness</i>	<b>Hálkuviðvörunarkerfi</b> <i>Kerfi sem sjálfkrafa gefur frá sér viðvörun þegar aðstæður skapast sem geta leitt af sér hálkumyndun. Byggir yfirleitt á niðurstöðum mælinga frá sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum ásamt veðurspám.</i>
G5-5	<b>Winter road surveillance</b> <i>Arrangements made during the risky periods to obtain information about road parameters, phenomena and traffic conditions in real time.</i>	<b>Umferðarvöktun</b> <i>Allt sem gert er til að miðla upplýsingum um ástandið á vegakerfinu í rauntíma.</i>
G6-2	<b>Road surface temperature sensors</b> <i>Provide information about the road surface temperature.</i>	<b>Veghitamælir</b> <i>Veitir upplýsingar um hitastig vegarins.</i>
G6-3	<b>Freezing point sensors</b> <i>Used to predict the freezing point temperature of a solution on the sensor surface.</i>	<b>Frostmarksmælir</b> <i>Er notaður til að áætla frostmark saltupplausnarinnar á veginum.</i>
G6-4	<b>Anemometer</b> <i>An instrument designed to measure the speed (or force) of the wind.</i>	<b>Vindmælir</b> <i>Mælitæki sem mælir vindhraða.</i>
G6-5	<b>Thermohygrograph</b> <i>A device to record both air temperature and relative humidity.</i>	<b>Loftmælir (Lofthitamælir)</b> <i>Mælitæki sem mælir loftthita ásamt lofraka.</i>
G6-6	<b>Snow detector</b> <i>Apparatus for warning the operation centre when the snowfall has reached a given depth.</i>	<b>Snjódýptarmælir</b> <i>Mælir sem sendir frá sér viðvörun þegar snjórinn hefur náð ákveðinni dýpt.</i>
H	Others	Annað
H1-1	<b>Road maintenance</b> <i>Totality of measures to maintain the trafficability of a road.</i>	<b>Rekstur og viðhald vega</b> <i>Allar aðgerðir sem stuðla að því að halda samgöngum opnum.</i>

H	Others	Annað
<b>H1-2</b>	<b>Surveillance centre</b> <i>Location for personnel, material and machinery for the roadway maintenance service on classified roads.</i>	<b>Vetrarvagtstöð</b> <i>Staður þar sem er starfsfólk, tæki og efni til vetrarþjónustu.</i>
<b>H1-3</b>	<b>Highway surveillance centre</b> <i>Location for personnel, material and machinery for the roadway maintenance service on highways.</i>	<b>Birgðastöð</b> <i>Staður þar sem er starfsfólk, tæki og efni til að þjónusta vegakerfið.</i>
<b>H1-4</b>	<b>Road condition</b> <i>The actual surface condition of a road depending on weather conditions, e.g. in winter.</i>	<b>Ástand vega</b> <i>Ástand vegyfirborðsins, getur verið ástand malarvega (t.d. þungatakmakanir) eða malbiks ásamt því hvort vatn, snjór, ís osfrv. er á veginum.</i>
<b>H2-1</b>	<b>Weather forecast</b> <i>Information about the prevailing weather conditions and patterns provided by the local or national weather forecast service.</i>	<b>Veðurspá</b> <i>Spá um það hvernig veður mun þróast á næstunni.</i>
<b>H2-2</b>	<b>Weather conditions</b> <i>Actual conditions of meteorological parameters and phenomena</i>	<b>Veðurskilyrði</b> <i>Lýsing á því hvernig veðurskilyrði eru hér og nú.</i>
<b>H2-3</b>	<b>Meteorological parameter</b>	<b>Veðurhugtök</b> <i>Veðurfræðileg hugtök.</i>
<b>H2-4</b>	<b>Weather radar</b> <i>A network of radars which use a beam specifically tuned to detect rain droplets (or snowflakes) and hence infer the location and intensity of rain reaching the surface.</i>	<b>Veðurradar</b> <i>Radar sem getur skynjað úrkomu (staðsetningu og magn).</i>
<b>H3-1</b>	<b>Wintry period - winter time</b> <i>The time of year from October to April when conditions are likely to consist of snow, ice, hail, sleet, frost, and precipitation.</i>	<b>Vetrartímabil</b> <i>Það tímabil ársins þar sem hætta er á veterarveðrum og hálu á vegum.</i>
<b>H3-2</b>	<b>Winter weather control</b> <i>Analysis of forecasts bulletin and meteorological follow-ups, systematically made during the winter period to anticipate and control the risky periods.</i>	<b>Vetravagt</b> <i>Þar sem fylgst er með aðstæðum á vegum ásamt veðurspám til að dæma hvort kalla eigi út til söltunar eða til að ryðja snjó.</i>
<b>H3-3</b>	<b>Winter indices</b> <i>A means of combining important climate variables in order to judge winter severity in terms of a single parameter.</i>	<b>Vetrarindex</b> <i>Index (tala) sem gefur til kynna hversu hardur veturinn hefur verið. Talan er m.a. háð fjölda snjódaga, fjölda frostdaga osfrv.</i>
<b>H3-4</b>	<b>No term available</b> <i>Day with a minimum air temperature below 0 °C.</i>	<b>Frostdagur</b> <i>Dagur þegar lágmarkshiti fer niður fyrir 0°C.</i>
<b>H3-5</b>	<b>No term available</b> <i>Day with a maximum air temperature below 0 °C.</i>	<b>Freradagur</b> <i>Dagur þegar lágmarkshiti fer ekki upp fyrir 0°C.</i>

H	Others	Annað
<b>H3-6</b>	<b>No term available</b>	<b>Snjókomudagur</b>
	<i>Day with a minimum precipitation of snow at least of 0,1 mm (measuring of melted snow) if the precipitation is only snow.</i>	<i>Dagur þegar úrkoma mælist a.m.k. 0,1 mm í snjókomu.</i>
<b>H3-7</b>	<b>No term available</b>	<b>Snjósöfnunardagur</b>
	<i>Day with a minimum precipitation of snow at least of 2 cm.</i>	<i>Dagur þegar a.m.k. 2 cm af nýjum snjó bætast við.</i>
<b>H4-1</b>	<b>Winter tyres</b>	<b>Vetrardekk</b>
	<i>Tyres with a special profile for slippery and snow-covered road-surfaces</i>	<i>Dekk með grófu mynstri sem ætluð eru til aksturs í snjó eða hálku.</i>
<b>H4-2</b>	<b>Studded tyres</b>	<b>Nagladekk</b>
	<i>Tyres with studs for increasing the grip on snow-covered surfaces</i>	<i>Vetrardekk með nöglum til að auka veggripið í hálku.</i>
<b>H4-3</b>	<b>Snow chain</b>	<b>Snjókeðjur</b>
	<i>Chains which are mounted manually to the tyres for increased grip on snow-covered surfaces</i>	<i>Keðjur sem settar eru á dekk til að auðvelda akstur í snjó.</i>
<b>H4-4</b>	<b>No term available</b>	<b>Keðjunarstaður</b>
		<i>Svæði þar sem hægt er að setja á og taka af keðjur.</i>